

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík

Reykjavík 10. desember 2010

**Efni: Umsögn um lagafrumvarp, mál 301 um breytingu á lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna og lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.**

Það er stefna BHM að tilfærsla starfsmanns milli vinnuveitenda skuli ekki sjálfkrafa hafa áhrif á aðild hans að stéttarfélagi. Því styður BHM alla viðleitni til að halda samfelldri félagsaðild starfsmanna við flutning milli vinnuveitenda og leggst gegn allri umræðu um hið gagnstæða. Eðlilegt er að launamaður geti haldið aðild sinni að stéttarfélagi óháð því á hvaða vinnumarkaði hann starfar, hvort sem það er hjá ríki, sveitarfélagi eða á almennum markaði.

Í athugasemd um 2. grein frumvarpsins segir: „Í ljósi þess að fyrirhugaðar eru frekari tilfærslur verkefna milli ríkis og sveitarfélaga er ljóst að breyta þarf fyrirkomulagi samningamála þannig að ekki komi upp álitaefni af því tagi í hvert skipti sem umræða um slíkar tilfærslur verkefna fer af stað. Vinna við undirbúning slíkra breytinga fór af stað en hefur legið niðri um skeið og er eðlilegt að settur verði aukinn kraftur í það starf með það m.a. að markmiði að einfalda tilfærslur verkefna milli ríkis og sveitarfélaga.“ BHM er ekki kunnugt um hvaða vinnu þarna er vísað til og mun í framhaldinu óska eftir nánari upplýsingum um hana. Jafnframt lýsir bandalagið sig tilbúið til að standa að slíkri vinnu í samræmi við framangreinda afstöðu um frjálsa stéttarfélagsaðild óháð því á hvaða vinnumarkaði starfsmaður er.

Virðingarfyllt,  
f.h. Bandalags háskólamanna



Guðlaug Kristjánsdóttir,  
formaður BHM

